

## Reglur um styrki vegna hljóðvistar

1. gr. Reglur þessar taka til styrkja vegna úrbóta á hljóðeinangrun glugga í íbúðarhúsnæði við umferðargötur.
2. gr. Styrkir þessir eru hluti af heildaraðgerðum vegna hljóðvistarmála. Þar sem fyrirhugað er að gera almennar ráðstafanir til hljóðvarna, svo sem manir og hljóðveggi skal tekið tillit til þess við mat á styrkhæfni. Sama gildir ef aðrar fyrirhugaðar breytingar á umhverfi eða legu gatna breytir hljóðvistaraðstæðum. Við úthlutun styrkja hafa þeir forgang sem búa við verstar aðstæður.
3. gr. Gatnadeild lætur reikna hljóðstig. Miðað er við jafngildishljóðstig utan við vegg, eða glugga í íbúð.
4. gr. Hafnarfjarðarbær auglýsir árlega eftir umsóknum um styrki til hljóðeinangrandi aðgerða og skal þeim skilað til skrifstofu umhverfis- og tæknisviðs á sérstökum eyðublöðum innan tiltekins frests. Styrkir takmarkast af fjárveitingum bæjarstjórnar hverju sinni.
5. gr. Styrkir verða veittir til endurbóta á hljóðeinangrun glugga. Styrkir verða ákveðin upphæð á m<sup>2</sup> í glugga á þeim hliðum húss þar sem hljóðstig reiknast 65 dB(A) eða hærra. Meðfylgjandi tafla sýnir styrkuppahæð á m<sup>2</sup> glugga, miðað við vísitölu byggingarkostnaðar í maí 2005, 312,8 stig.  
Fjárhæð styrks verðbætist miðað við byggingarvísitölu á greiðsludegi.

Hljóðsti g dB(A)	Styrkur kr./m <sup>2</sup> glers í maí 2005
65	28.566
66	29.994
67	32.851
68	35.708
69	42.849
70	49.990
71	57.133
72	64.274
>72	71.415

Umsækjendur skulu í umsókn sinni greina frá fyrirhuguðum aðgerðum og metur umhverfis- og tæknisvið hvort þær eru fullnægjandi en það er forsenda styrkveitingar.

6. gr. Sé framkvæmdum ekki lokið, þegar styrkur skal koma til útborgunar, er heimilt að greiða allt að 30% hans á meðan framkvæmdir standa yfir en það sem á vantar þegar framkvæmdum er að fullu lokið og úttekt hefur farið fram án þess að athugasemdir séu gerðar.
7. gr. Telji úttektarmaður aðgerðir ófullnægjandi og eigandi húss kys að bæta ekki úr, má lækka styrkinn um allt að 30%. Teljist aðgerðir hins vegar ótækar, eða ef brotin eru ákvæði byggingareglugerðar fellur styrkur niður. Það telst ófullnægjandi ef meðalhljóðstig innanhúss að mati matsmanna umhverfis- og tæknisviðs er hærra en 30 dB(A) að loknum aðgerðum en ótækt ef það er hærra en 35 dB(A) að loknum aðgerðum m.v. lokaða glugga.
8. gr. Ágreiningsmálum varðandi styrkveitingar samkvæmt þessum reglum getur íbúðareigandi skotið til bæjarráðs Hafnarfjarðar.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 30. maí 2000.